

Norðurþing
Ketilsbraut 7-9
640 HÚSAVÍK

Garðabær, 24.11.2022
Málsnúmer: 202211-0007
BK/RT/LA

Efni: Kynning skipulags- og matslýsingar vegna deiliskipulags Akursels Norðurþingi

Vísað er til tölvubréfs frá Norðurþingi, dags. 1. nóvember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands við skipulags- og matslýsingu vegna gerðar nýs deiliskipulags fyrir Akursel í Norðurþingi.

Samherji fiskeldi ehf. festi nýlega kaup á landareigninni Akursel (L154134) sem er skammt frá fiskeldisstöð í þeirra eigu. Jarðarkaupin voru gerð í þeim tilgangi að tryggja stöðinni aðgengi að sjó, auðvelða losun lífrænna efna og nýta til landgræðslu og hefja kolefnisjöfnun rekstursins.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulags- og matslýsinguna og vill koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Lögbýlið Akursel er í norðaustanverðum Öxarfirði, nánar tiltekið austast á Austursandi og nær jörðin að Brunná. Náttúruverndargildi Austursands er hátt, sér í lagi vegna fjölbreytts fuglalífs en víðlend flóðslétta Jökulsár á Fjöllum er mikilvægt varpsvæði fyrir margar fuglategundir. Austursandur er að fullu innan svæðisins „Öxarfjörður“ sem hefur verið tilnefnt af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fuglalífs (<https://www.ni.is/is/midlun/natturuminjaskra/oxarfjordur>) en láðst hefur að geta þess á 8. mynd í skipulags- og matslýsingunni. Þá er norðvesturhluti Öxarfjarðar á núgildandi náttúruminjaskrá (nr. 532, Votlendi við Öxarfjörð).

Landið er á sendnu framburðarlandi sem endurspeglast að hluta í þeim vistgerðum sem þar finnast. Fjalldrapamóavist sem hefur langmesta þekju á umræddu svæði skv. vistgerðakorti NÍ er hins vegar ekki endilega dæmigerð vistgerð í slíku landi. Mikið er um loðvíði á sunnanverðu svæðinu og um miðbik þess en hann þolir vel rakt og sendið undirlagið. Líklegt er því að hlutdeild mólendisvistgerða þar sem víðir er ríkjandi, s.s. víðimóavist og víðikjarrvist, sé hærri en kortið sýnir og þá á kostnað fjalldrapamóavistar. Í mólendinu eru blautari svæði og þar eru starungsmýrablettir og sums staðar flóar þar sem blautast er.

Samkvæmt vistgerðakortinu er fjalldrapamóavist nyrst á svæðinu í grennd við Araós en líklegri er að þar sé allnokkurt deiglendi þar sem ýmist hrossanálavist eða grasengjavist eru ríkjandi ásamt starungsmýrablettum. Gulstararfitjavist er við ósinn. Þar er einnig örsmár blettur þar sem mýrahveravist hefur verið kortlögð og mögulegt er að hún sé útbreiddari á svæðinu en kemur fram á korti en þarna er allvíða nokkur jarðhiti á yfirborði sem hefur áhrif á gróðurfar. Þær vistgerðir sem hér hafa verið nefndar eru ekki endilega dæmigerðar fyrir sendið undirlag nema þá einna helst hrossanálavist og eins og að framan greinir þolir loðvíðir vel sendið undirlag og þá gjarnan vistgerðir sem hann er einkennandi fyrir, s.s. víðimóavist og víðikjarrvist. Hann er einnig nokkuð algengur í hrossanálavist og grasengjavist. Aðrar vistgerðir á svæðinu sem endurspeglar sendið undirlagið og hafa allnokkra útbreiðslu á svæðinu



eru auravist, strandmelhólavist og grashólavist. Alaskalúpína er innan landgræðslusvæðis en leggja ætti áherslu á að hemja frekari útbreiðslu hennar.

Vistgerðir í votlendi hafa almennt hátt verndargildi, m.a. vegna hás kolefnismagns í jarðvegi. Ólíklegt er þó að kolefnismagn í jarðvegi sé mjög hátt á þessum slóðum enda sandjörð undir sem er kolefnisrýr. Engu að síður er verndargildi starungsmýravistar og tjarnarstarafloavistar metið mjög hátt sem og gulstararfitjavistar, víðikjarrvistar og mýrahveravistar (Jón Gunnar Ottósson o.fl. 2016). Starungsmýravist, mýrahveravist og gulstararfitjavist hefur Náttúrufræðistofnun ennfremur skilgreint sem vistgerðir sem njóta eigi forgangs við verndun svæða (Olga Kolbrún Vilmundardóttir o.fl. 2019).

Jarðfræði svæðisins er einstök á landsvísu og með alþjóðlegt mikilvægi vegna setmyndunar í sigdal innan rekbeltis á þurru landi og vegna sérstöðu jarðhitans sem þar er að finna.

Vestur- og Austur-Sandur við Öxarfjörð eru víðáttumiklir sandar jökulhlaupa og jökuláa. Í dag heldur Jökulsá á Fjöllum við söndunum með framburði sínum og síbreytilegum árfarvegum og virku rofi sem tilheyrir slíkum jarðmyndunum. Jökulsá á Fjöllum á upptök sín m.a. í Dyngjujökli, eða í um 170 km fjarlægð frá svæðinu. Dyngjujökull er jafnframt áhrifasvæði stærsta eldstöðvakerfis landsins, Bárðarbungu, eins og fram kom í eldsumbrotunum í Holuhrauni 2014-15. Sandar eru fágætir á heimsvísu og sandarnir við Öxarfjörð eru þeir víðáttumestu á Norðurlandi.

Á Austursandi eru gasaugu á landi, sem er frekar óalgengt þar sem þau finnast frekar á hafsbotni og því ekki eins aðgengileg til rannsókna. Þess vegna er svæðið fullkominn rannsóknarstaður og standa nú yfir líffræðilegar rannsóknir í landi Ærlækjarsels. Fyrstu niðurstöður benda til þess að þar séu að finna mjög sérstæðar og fágætær bakteríur sem þrífast í einstöku jarðhitaumhverfi þar sem sjór og jarðgas mætast. Þessar rannsóknir gætu haft mikla þýðingu í framtíðinni þar sem almennt er lítið vitað um vistkerfi jarðhitasvæða.

Í ljósi verðmætra náttúruminja svæðisins er afar brýnt að landnotkun sé ekki ágeng og að allar framkvæmdir taki mið af því að raska svæðinu sem minnst. Náttúrufræðistofnun telur skógrækt af þeirri stærðargráðu sem hér er lagt til á Austursandi (800-1000 ha) ekki samræmast því og leggst stofnunin alfarið gegn þeim áætlunum. Út frá vistgerðum á svæðinu má reikna með háum þéttleika ýmissa vaðfuglategunda. Spóar sérstaklega fyrirfinnast í miklum fjölda á flóðsléttum stórra jökuláa og er skráður þéttleiki þeirra á slíkum svæðum með því hæsta sem þekktist í heiminum (Borgný Katrínardóttir 2015). Langflestar vaðfuglategundir þrífast ekki í skóglendi og forðast einnig skógarjaðarinn og því getur skógrækt falið í sér gífurlegt búsvæðatap fyrir þær (Tómas Grétar Gunnarsson 2020). Flestar þessara tegunda eru svokallaðar ábyrgðartegundir Íslands en þá er miðað við að um 20% af Evrópustofni viðkomandi tegundar nýti Ísland til varps eða komi hér við á ferðum sínum. Okkur ber því alþjóðleg skylda til að tryggja vernd þeirra en mikið hefur verið gengið á búsvæði þeirra víða, s.s. með skógrækt og frístundabyggingum.

Þá ber að halda í landslagseinkenni sandanna vegna alþjóðlegs mikilvægis þeirra. Umfangsmikil skógrækt og varnargarðar myndi raska þeirri mynd.

Af loftmyndum að dæma er stór hluti landareignarinnar nokkuð vel gróið land sem í eðli sínu bindur kolefni þó mismikið sé. Það má því deila um hvort réttlæt看legt sé að raska slíku landi til þess að planta trjám í nafni kolefnisbindingar. Það væri í meiri sátt við umhverfið á þessum



slóðum að leggja fremur áherslu á landgræðslu og endurheimt votlendis en nokkuð hefur verið ræst fram í grennd við Akursel.

Fristundabyggð með 15-20 lóðum er fyrirhuguð á svæðinu. Náttúrufræðistofnun telur þar fullmikið í lagt og hvetur til hófs í þeim efnum. Þá ætti að leggja áherslu á að útlit byggðar falli vel að umhverfi sínu og einskorðist við næsta nágrenni Akursels býlisins þar sem fyrir eru mannvirki. Einnig ætti sú krafa að vera gerð að mögulegur trjágróður í byggðinni samanstandi af innlendum tegundum.

Nokkuð þétt varp svartbaks er að finna á norðausturodda sandsins við Araós og á Oddsnesi. Þetta varp er að stórum hluta innan jarðar Akursels. Á valista fugla 2018 er svartbakur skilgreindur sem tegund í hættu og því mikilvægt að vernda varpstöðvar hans. Vætanleg sjótaka Samherja fiskeldis ehf gæti haft áhrif á varp svartbaks á Oddsnesi og afla þarf nýrra gagna um stöðu varpsins þar til að leggja uppfært mat á hversu afdrifaríkt slíkt rask getur orðið.

Þá þarf að gera betur grein fyrir losun lífrænna efna sem skapast við fiskeldið (mykjutankur) og áhrif þess á lífríki svæðisins í sjó og á landi.

Náttúrufræðistofnun áskilur sér rétt til að koma að frekari athugasemdum á síðari stigum málsins.

Heimildir

Borgný Katrínardóttir, Alves, J.A., Hrefna Sigurjónsdóttir, Páll Hersteinsson & Tómas Grétar Gunnarsson 2015. The effects of habitat type and volcanic eruptions on the breeding demography of Icelandic Whimbrels *Numenius phaeopus*. PloS one 10(7). e0131395.

Jón Gunnar Ottósson, Anna Sveinsdóttir og María Harðardóttir, ritstj. 2016. Vistgerðir á Íslandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunar nr. 54. 299 s

Olga Kolbrún Vilmundardóttir, Ásrún Elmarsdóttir, Borgþór Magnússon, Guðmundur Guðmundsson, Ingvar Atli Sigurðsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Kristján Jónasson, Lovísa Ásbjörnsdóttir, Marianne Jensdóttir Fjeld, Sigmar Metúsalemsson, Starri Heiðmarsson, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Þóra Hrafnisdóttir og Trausti Baldursson 2019. [Framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár 2018: svæðaval og ávinningur verndar](#). Náttúrufræðistofnun Íslands, NÍ-19008. Garðabær: Náttúrufræðistofnun Íslands.

Tómas Grétar Gunnarsson 2020. Búsvæði og vernd íslenskra vaðfugla. Náttúrufræðingurinn 90 (2–3) bls. 145–162.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, náttúruverndarsvið

